

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025, iðnaðarsvæði á Húsavík, háspennulínur, efnistökusvæði og virkjanavegur, Norðurþingi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 frá 1. desember 2006.

Breytingin felur í sér samræmingu aðalskipulags Húsavíkurbæjar og svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2027 hvað varðar legu flutningslína rafmagns og skilgreiningu á virkjanavegi. Breytingin felur einnig í sér stækkun iðnaðarsvæðis fyrir orkufrekan iðnað á Bakka úr 105 ha í 188 ha og níu efnistökusvæði sem ráðgert er að nýta vegna framkvæmda við virkjanaveg og háspennulínur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 31. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2010